

Arctic Sea Farm hf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Akureyri, 24.10.2024
UST202403-282/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.09.2024 - Arctic Sea Farm ehf., Ísafjarðardjúpi ID214

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Sea Farm ehf., Ísafjarðardjúpi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Níu frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara.
2. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma. **Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.**
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Olíuefni voru geymd við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni. **Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.**
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrir en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**
6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald (núllskýrsla), fyrir árið 2022 barst ekki fyrir en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
7. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Grænt bókhald (núllskýrsla), fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Grænt bókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**

8. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald (núllskýrsla), fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Grænt bókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikin því lokað.**
9. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænt bókhald (núllskýrsla), fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikin er lokað þar sem gögnin hafa borist.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki nr. 1, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. nóvember 2024.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri